

Mál nr. 105/2018**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á bifreiðaplani við Korputorg 21.12.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 22.3.2018, ásamt fylgiskjöllum.

Tölvupóstur V1, dags. 3.4.2018.

Bréf V2, dags. 9.4.2018.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið um bifreiðaplan við Korputorg þegar árekstur varð og hafi hann orðið aðfarnótt 21. desember 2017. Aðstæðum er þannig lýst að það hafi verið myrkur en góð lýsing og snjóþekja og hálka. Bifreið A var ekið suður eftir bifreiðastæðinu en bifreið B til norðurs þegar framendar bifreiðanna skullu saman. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa verið „...nýlögð af stað en ekki séð jeppabifreið sem var ekið á móti henni fyrir en of seint...“ Ökumaður bifreiðar B segist hafa séð þegar bifreið A „... var ekið á milli ferð á móti honum. Hann kvaðst hafa stigið á bremsuna en bifreiðin rann áfram og hann náði ekki að beygja frá...“ Í bifreið A voru tveir farþegar, annar kvaðst hafa verið að horfa í aðra átt og ekki séð aðdraganda árekstursins en hinn farþeginn sagði bifreið A hafa verið nýlagða af stað og þegar jeppabifreið skall á þeirra bifreið og hafi ökumaður jeppabifreiðarinnar (bifreiðar B) verið að „drifta“ á bifreiðastæðinu rétt áður en árekstur varð. Það kemur einnig fram í framburði ökumanns bifreiðar A.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og þannig ekið gegn fyrirmælum h-liðar 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fjallað sé um umferðarhraða sem og 19. gr. þar sem fyrirmæli eru til ökumanna sem eru að mæta öðru ökutæki. M vísar til framburðar ökumanns bifreiðar B um að hann hafi ekki getað stöðvað bifreiðina og framburðar M og farþega um aksturslag hans. Einnig telur M ekki sýnt af lögregluskýrslu að ökumaður bifreiðar A hafi ekið gáleysislega úr kyrrstöðu. V1 tekur undir sjónarmið M. V2 telur hins vegar að ökumaður bifreiðar A hafi brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga með því að aka af stað úr kyrrstöðu án þess að gæta að annarri umferð og verði því að bera alla sök á árekstrinum.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ökumenn bifreiðanna A og B óku á móti hvor öðrum um bifreiðaplan að nóttu til þegar árekstur varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að annar ökumanna hafi ekið gegn eðlilegri akleið á planinu. Ökumaður bifreiðar A var að aka af stað og bar við það að gæta að umferð sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga og báðum ökumönnum bar að aka á eðlilegum umferðarhraða m.v. aðstæður og gæta aðgátar þegar þeir mættu hinum sbr. 19. gr. og 36. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af aðstæðum öllum telst hvorugur ökumanna hafa gætt nægilegrar varúðar við aksturinn þar sem þeir áttu báðir að geta séð hinn auðveldlega. Ekki eru forsendur til annars en að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 24. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður